



## Skýrsla Ríkisendurskoðunar undirstrikar mikilvægi aðgerða undanfarinna ára til að efla RÚV

RÚV hefur farið yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstur og aðgreiningu rekstrarþátta. Skýrslan staðfestir margt sem stjórn og stjórnendur RÚV hafa áður vakið athygli á og undirstrikar þann mikla árangur sem orðið hefur af aðgerðum undanfarinna ára til að styrkja rekstur RÚV og efla almannaþjónustuhlutverk þess.

**Í skýrslunni kemur fram að fjárhagsleg endurskipulagning RÚV síðustu ár hefur skilað miklum árangri og það ásamt „niðurfellingu skuldar við ríkissjóð og sölu byggingarréttar á lóð félagsins hefur skilað sér í hallalausum rekstri frá árinu 2015.“ Í skýrslunni er hvatt til þess að „stjórn Ríkisútvarpsins, stjórnendur þess og eigandi fylgi því eftir að félagið nái að viðhalda þeim fjárhagslega styrk sem það hafði í lok árs 2018.“**

Kári Jónasson, formaður stjórnar RÚV:

*„Við fögnum þessari skýrslu sem staðfestir jákvæðar breytingar og þann mikla árangur sem náðst hefur með aðgerðum undanfarinnar ára til að annars vegar styrkja rekstur RÚV og hins vegar efla almannahlutverk þess. Hún staðfestir einnig margt sem stjórn og stjórnendur RÚV hafa áður vakið athygli á. Það eru nokkrar góðar ábendingar til RÚV í skýrslunni og ekki síður til ráðuneytisins og Alþingis. Þær munu án efa nýtast við að innleiða áframhaldandi umbætur í rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins.“*

Veigamestu atriði skýrslunnar, að mati RÚV, eru eftirfarandi:

1. Skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfestir að RÚV ohf. hefur frá stofnun verið vanfjármagnað og yfirskuldsett. Skýrslan dregur fram að í gegnum tíðina hefur skort samræmi milli umfangsmikilla skyldna RÚV sem almannþjónustumiðils og þeirra tekna sem því hefur verið ætlað að láta duga til að standa undir þjónustunni.
2. Fram kemur í skýrslunni að sala á byggingarrétti á lóð RÚV, sem var liður í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins, hefur skilað miklum ábata fyrir RÚV og leiddi til mestu skuldalækkunar sem sést hefur í sögu þess. Þar sem almenningur er eigandi RÚV nýtur hann góðs af þessari aðgerð til lækkunar á skuldum félagsins.
3. Þá staðfestir skýrslan að skilmálabreyting gamals láns vegna eldri lífeyrissjóðs-skuldbindinga RÚV við LSR nú nýverið hafi skapað aðstæður til þess að félagið verði nú loks sjálfbært og geti staðið undir afborgunum af skuldum sínum.
4. Ríkisendurskoðandi kemur með ábendingu um að ekki hafi verið stofnuð dótturfélög utan um samkeppnisrekstur RÚV eða lögum breytt til að fella ákvæðið burt. Bæði RÚV og mennta- og menningarmálaráðuneytið hafa vakið athygli á því að þau markmið sem slík dótturfélög eiga að þjóna náist með fjárhagslegum aðskilnaði í innra bókhaldi. Sú leið sé bæði einfaldari og ódýrari í framkvæmd. RÚV hefur lengi haft samráð við mennta- og menningarmálaráðuneytið um þetta. Í ljósi niðurstöðu Ríkisendurskoðunar mun RÚV á ný óska eftir afstöðu eigandans til þess hvort vilji sé

til að RÚV stofni dótturfélög eða hvort umræddur áskilnaður verði felldur á brott með lagabreytingu.

5. Ríkisendurskoðandi leggur í skýrslunni til breytta reikningsskilaaðferð varðandi framsetningu á rétti til nýtingar á viðskiptaboðum RÚV. Reikningsskil RÚV hafa verið staðfest af endurskoðendum félagsins, sem starfa í umboði ríkisendurskoðanda, við gerð allra ársreikninga á síðustu árum. Skýrt kemur fram þar að nettó-tekjur RÚV eru ekki nýttar til annarrar starfsemi en almannaþjónustu. Til að bregðast við ábendingu ríkisendurskoðanda mun RÚV óska eftir frekara samtali og leiðsögn embættisins um hvaða reikningshaldslegu aðferð skuli helst beitt.
6. Ríkisendurskoðandi telur að skoða þurfi hvort eignarhald RÚV eigi heima áfram í mennta- og menningarmálaráðuneytinu eða hvort ástæða sé til að færa eignarhald og vald til að skipa stjórn RÚV til fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Núverandi fyrirkomulag við skipan í stjórn RÚV, með sérstöku kjöri á Alþingi, er bundið í lög um RÚV frá árinu 2013. Það fyrirkomulag tekur mið af sérstöðu RÚV sem almannaþjónustumiðils og er sambærilegt við stjórnarkjör ríkismiðla í löndunum í kringum okkur. RÚV telur jákvætt að skipan í stjórn endurspegli vilja þjóðar og þings. Að öðru leyti vísar RÚV ábendingu Ríkisendurskoðanda um þetta atriði til Alþingis.
7. Ríkisendurskoðandi telur að efla þurfi enn frekar fjárhagslegt eftirlit stjórnar RÚV. Stjórn RÚV telur að það fjárhagslega eftirlit sem fram fer á stjórnarfundum hafi verið mjög virkt og að fjárhagsleg endurskipulagning RÚV á síðustu árum hafi skilað miklum árangri. Stjórn RÚV telur ástæðu til að mæta tilmælum ríkisendurskoðanda með því að setja umræðu um fjárstreymi og fjárfestingar fast inn á dagskrá stjórnarfunda ársfjórðungslega. Þá má minna á að rekstur RÚV hefur verið hallalaus frá upphafi árs 2015 og á sama tímabili hefur eigið fé RÚV aukist umtalsvert eftir að hafa áður minnkað ár frá ári, allt frá stofnun opinbers hlutafélags um rekstur RÚV.
8. Í skýrslunni kemur fram að efni sem RÚV á rétt á til sýninga á næstu árum, og sem kemur fram sem skuldir í bókhaldi, hefur aukist. Ástæður þessa eru annars vegar þær að breytt reikningsskilaaðferð leiddi til mun nákvæmari og varfærnari færslu birgða en áður var. Hin ástæðan er breytt stefna varðandi efnisframboð Ríkisútvarpsins þar sem innlent efni er nú æ oftast í öndvegi. Íslenskt efni, sér í lagi nýtt íslenskt leikið efni sem RÚV kemur að strax á þróunarstigi, er lengur bókað sem skuldbinding í bókhaldi RÚV en erlent efni sem fer beint til sýninga eftir að það er keypt. Aukið hlutfall íslensks efnis í dagskrá RÚV hefur þannig sjálfkrafa áhrif á skuldbindingar félagsins á sama tíma og almennar vaxtaberandi skuldir hafa lækkað mikið.
9. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er áréttað að skuldir félagsins séu enn miklar og þótt staða félagsins hafi batnað sé greiðslugeta RÚV enn veik. Stjórnvöld, stjórn og stjórnendur þurfi að tryggja að félagið nái að viðhalda þeim fjárhagslega styrk sem það býr yfir nú.